

Menntaskólinn á Akureyri
Haustönn 2012
STÆ1A 050
Tungumála- og félagsgreinasvið 1. bekk
Undanfari: Enginn

Kennarar:
Ingvar Þór Jónsson, 1D
Pétur Örn Birgisson, 1A og 1C
Valdís Björk Þorsteinsdóttir, 1B

Kennsluáætlun

Efni áfangans:

Meginefni áfangans er talnareikningur, algebra og hnitarrúmfræði. Helstu efnispættirnir eru talnareikningur, liðun, þáttun, algebrubrotareikningur, veldi, rætur, jöfnur, ójöfnur, jöfnuhneppi, annars stigs jöfnur, talnalínan, hnitakerfið og línan. Aðaláhersla áfangans er á þjálfun í dæmareikning úr þessum efnisatriðum.

Námsefni:

- STÆ102 og STÆ202 eftir JNS

Námsmat

- Standast þarf lokapróf til að aðrir námspættir reiknist inn í einkunn. Námsmat skiptist þá þannig: Lokapróf 60% og annareinkunn 40% en þó aðeins til hækkunar. Annareinkunn skiptist þannig: 60% tímapróf (þrjú bestu af fjórum), 30% heimadæmi og 10% kennaraeinkunn.
- Tímaprófin verða: 3. október, 24. október, 21. nóvember og 12. desember.
- Skiladagar heimadæma: 26. september, 17. október, 14. nóvember og 5. desember.
- Dagsetningar prófa og heimadæma geta hugsanlega hliðrast.

Um skil heimadæma

Heimadæmum skal skilað í hólf við skrifstofu stærðfræðideildar hjá stofu M5 fyrir lokun húsa á skiladögum. Sé dæmum skilað degi seinna (á fimmtudegi) dragast 2 heilir frá einkunn og sé þeim skilað tveimur dögum seinna (á föstudegi) dragast 4 heilir frá einkunn. Ekki er tekið við heimadæmum síðar.

Ef nemandi hefur ekki tök á því að skila heimadæmum á tilsettum tíma skal hann hafa samband við kennara [áður](#) en skilafrestur rennur út.

Kennsluáætlun

Vika	Efni	Kaflar
1-3.	Brot, frumtölur og frumpáttun, margföldun og deiling brota. Samlagning og frádráttur brota, forgangsröð aðgerða og brotabrot. Mengi, bókstafareikningur og liðun.	STÆ102: 1.2, 1.3, 1.1, 2.1A og 2.1B
4-6.	Þáttun og stytting brota. Veldi og ferningsrætur, almennar rætur, brotin veldi.	STÆ102: 2.1C, 2.1D, 2.2B, 2.2C STÆ202: 4.2 og 4.3
7-10.	1. stigs jöfnur og ójöfnur, jöfnuhneppi, 2. stigs jöfnur. Sértilvik af 3. og 4. stigs jöfnum.	STÆ102: 2.3A, 2.4, 2.3B STÆ202: 1.2A og 1.2C
11-12.	Talnalínan, hnitakerfið og línan	STÆ102: 3.1, 3.2A, 3.2B og 3.2C